

fyrir miðju júnímánaðar, í staðinn fyrir á þeim tímum, sem tilteknir eru í konungsráðgjafi 25. septembermán. 1848.

1867.
3. apríl.

Þetta er yður hér með kunngjört, yður til leiðbeiningar.

17. Konungleg Auglýsing um, að konungur hafi sjálfur aptur tekið við ríkisstjórninni.¹ 17. apríl.

Vér Kristján hinn Níundi o. s. frv., Gjörum kunnugt: Nú er Vér erum komnir aptur úr ferð Vorri til Englands, kunngjörum Vér Vorum kæru og trúu þegnum hér með, að Vér í dag höfum tekið aptur við ríkisstjórninni, sem sonur Vor ástfólginn, Kristján Friðrik Vilhjálmur Karl, samkvæmt lögum 14. marzmán. þ. á. hefir haft á hendi, meðan Vér vorum í burtu.

18. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um bann gegn flutningi á skepnum frá Belgíu og prússnesku Rínarlöndunum til Íslands. 24. apríl.

Í frambaldi af bréfum dómsmálastjórnarinnar 27. febrúarmán. og 13. júlímán. f. á. skal yður hér með kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess að þér auglýsið það á þann hátt, sem yður virðist best við eiga, að dómsmálastjórnin hefir fundið sér skylt enn fremur að leggja bann fyrir, að fluttar sæu frá Belgíu og prússnesku Rínarlöndunum til Íslands skepnur þær og annað, sem um er getið í bréfi stjórnarráðsins 12. októbermán. 1865.

¹⁾ Undir lagaboð þau, sem birtust meðan konungur var í burtu, var ritað:

Í fjarveru hans hátignar konungsins
og í nafni hans hátignar
Frederik,
konungsefni.